

Króka-Refs saga

umræða, mál og stíll

1. kafli

Umræða

Um kolbítinn

Hér er lýst kolbít. Tala má um að *kolbítsminnið* komi hér skýrt fram. Margar fornar sögur greina frá ungum mönnum sem ekki fást til að vinna en sitja við eld og „bíta kol“ og valda foreldrum sínum angri og gremju og eru kallaðir fífl. En yfirleitt fer þó svo, að kolbítarnir „rísa upp úr öskustó“ og verða miklir menn.

Unglingar vita oft ekki hvað þeir vilja. Þeir valda stundum sjálfum sér og öðrum leiðindum með áhugaleysi sínu, aðgerðaleysi og tómlæti. Mætti ekki líkja sumum unglingum nútímas við kolbíta?

Við þekkjum líka hæggeng og iðjulaus börn í ýmsum ævintýrum. Þau eiga síðan eftir að verða hetjur.

Hjón sem bæta ekki hvort annað upp

Hjónin Þorbjörn og Rannveig fá óvenjulega neikvæða lýsingu. Þarna koma saman tvö ill öfl og þá er auðvitað ekki von á góðu (hún er sögð *heimsk og harðráð* (við tókum eftir stuðluninni!) og hann er *ójafnaðarmaður og ódæll*). Vekja mætti athygli á að svipað orð, *ódællegur*, er haft um hinn unga Ref. En í ljós kemur að hann á fátt sameiginlegt með Þorbirni, þó að óvissa hafi ríkt um það á tímabili hvað úr honum yrði.

Áin sem aðskilur landareignir

Mjög oft er *á* látin skilja tvö ólík svæði að, jafnvel tvo ólíka heima (t.d. góðan heim og vondan í goðafræðinni). Hér skilur áin að góðmenni og illmenni. En það sem athygli vekur í þessari frásögn er að sá góði (Steinn) hefur góð áhrif á illmennið þannig að sá síðarnefndi bætir ráð sitt – tímabundið. Þorbjörn hafði hrökklast úr öðrum landsfjórðungum. Það segir sína sögu um ágæti Steins á Kvennabrekku, föður Refs, að hann skyldi hafa getað haldið þessum manni í skefjum. Steinn beitir því snilldarbragði að hrósa illmenninu og segir að það geti komið Þorbirni vel að fá gott umtal frá sér. Með örðum orðum: Steinn er til í að tala vel um Þorbjörn og jákvæð samskipti þeirra í milli. Þorbjörn bráðnar því að enginn hafði talað svona við hann áður.

Mál og stíll

Beyging orða: Við tókum eftir því að sum orð í textanum beygjast örðuvísi en við eigum að venjast nú. Þannig er þf.ft. af *siður* ekki *siði* eins og í nútímamáli, heldur *siðu*, sbr. synir um sonu; firðir um fjörðu.

Sögnin *kvíða* er hér í þátíð kvíddi: „Margir menn kvíddu mjög við komu hans.“ Hvernig beygjum við þessa sögn núna í kennimyndum? Er hún sterk eða veik?

„Mikið mein þótti þeim hjónum að þeirra *son* skyldi svo lítt vilja *siðu* nema annarra manna.“ Hér stendur orðið *son* í nf. Nefnifallsmyndin er því *son*. Tala má því um tvímynd orðsins sonur/son. Hafa má í huga föðurnöfnin (t.d. Sigurðsson, ekki Sigurðssonur), einnig hátíðlegt mál: **Son** (nf.) guðs ertu með sanni.

Orðaröð: á tveimur stöðum í málsgreininni „Mikið mein...“ er orðaröðin önnur en við eigum að venjast (... að **þeirra son** skyldi svo lítt vilja **siðu nema**...) Þetta má orða þannig að í eðlilegri nútímaorðaröð standi nafnorðið á undan fornafninu og sögnin á undan andlaginu.

Það er hnykkt á lýsingunni á Rannveigu með því að láta orðin stuðla sem lýsa henni: **heimsk** og **harðráð**.

Smáverkefni í málfræði

- Setjið þessa setningu í eðlilega orðaröð og segið til um fallið á *engan mann* og *hann*: „Engan mann bætti hann með fé.“
- Í hvaða falli stendur orðið *fé*?
- Í hvaða orðflokki er *með*?

2. kafli

Umræða

Við sjáum hér gott dæmi um það að ekki sé farið að ráðum viturs manns á banabeði. Þegar svo Þorgerður loks vill selja jörð sína er það orðið of seint (því að þá hafa menn áttað sig á hve illur nágranni Þorbjörn er).

Mál og stíll

Stuðlun gefur texta lyftingu. Þetta stílbragð er fyrst og fremst áberandi í kveðskap en það er einnig algengt í lausu máli, t.d. í þjóðsögum. Hér birtist stuðlun í orðunum *tryggur* og *trúr* (hliðstæður); sbr. einnig lýsingarorðin sem notuð eru um land Þorgerðar, „fagurt og að flestu gott“. Þannig er ýtt undir þá tilfinningu að landið sé gott og því erfitt fyrir Þorgerði, móður Refs, að þurfa að láta það af hendi.

Skemmtilegt dæmi um *andstæður* birtist þar sem minnst er á skálana tvo sem Barði gerir sér: annan við *fjall* en annan á *fitjum* ár. Andstæðurnar eru magnaðar upp með stuðluninni.

Smáverkefni í málfræði.

- Setjið í eðlilega orðaröð: „Þennan mann fann Þorgerður á vorþingi.“
- Í hvaða orðflokki er *á*?
- Hvaða falli stýrir orðið *á*?

3. kafli

Umræða

Þorbjörn sakar Barða um að meina búfénaði hans að vera í nánd við ána, þ.e. einnig sín megin. Rannveig segir aftur á móti alveg ákveðið og skýrt að hún þoli ekki að fé þeirra hjónanna fái ekki að vera handan við ána (í landi Þorgerðar). Þetta undirstrikar „harðræði“ Rannveigar.

Móðirin brýnir son sinn og er afar harðorð. Það er til marks um örvæntingu hennar og vonbrigði. Við þekkjum eflaust mörg dæmi um það í umhverfi okkar að menn séu hvassytari í hita leiksins en þeir hefðu viljað. En orðin hrífa í þessu tilviki. Hér má tala um uppgjör milli móður og sonar eftir „mislukkað“ uppeldi.

En ennþá líkist Refur meira hirðífli en hetju þegar hann kastar spjótinu á undan sér og hleypur á eftir, enda er hlegið dátt. Það kemur líka í ljós að klæðnaður hans hefur ekki verið glæsilegur. Svipað minni birtist t.d. í *Kjalnesinga sögu*.

Þegar Refur hefur unnið sitt fyrsta afrek fær hann góð klæði og þá kemur í ljós að hann er hinn myndarlegasti. Góðu klæðin eru n.k. tákni um þá breytingu sem orðin er á manningum.

Refur faldi sig í viðarkesti. Það er ekki beint hetjulegt athæfi að leynast þannig. Fremur má tala um hið andstæða. Hetjan er gerð hlægileg enn á ný.

Veita má því athygli að viðarkösturinn er úr rekatrjám. Fyrir botni Hvammsfjarðar virðist því hafa verið rekaviður sem nýttur hefur verið til smíða eða til hitunar.

Sjálfsagt er að nota tækifærið og ræða aðeins um einkenni dróttkvæðs háttar. Auk *kenninganna* sem gefa dróttkvæðunum sérstakan svip (sbr. skýringarnar hér að framan) þarf að gefa forminu gaum: Braglínur eru átta. Sex atkvæði eru í hverri braglínu. Tveir stuðlar eru á móti höfuðstaf. En það sem nemendum kann að koma mest á óvart er *rímið*. Ekki er um endarím að ræða heldur *innrím*. Í fyrstu braglínu (og öllum ójöfnum braglínunum) ríma samhljóðin: (mér – fúr; trautt – sætt; mær – ór; stíg – hneig). En í jöfnum braglínunum ríma bæði sérhljóð og samhljóð (skeið – breið; týn – brýn; und – mund; hann – kann). Þetta innrím (sem kallast *skothendingar* [í ójöfnum braglínunum] og *aðalhendingar* [í jöfnum braglínunum]) gefa þessum vísnum töfrandi hljóm. Orðaröðin er afar óregluleg og það gerir okkur erfitt fyrir að ná samhengi í vísuna og skilja merkinguna.

Mál og stíll

Bygging kaflans styrkist við það að hér gerist það tvisvar að kona eggjar karl til dáða, fyrst Rannveig mann sinn, síðan Þorgerður son sinn.

Við segjum „á sumrin“. En einnig er sagt: „sumurin 2009 og 2010“. Orðið sumar í ft.nf. og þf.m.gr. getur því verið „sumrin“ og „sumurin“. Sjálfsagt er að halda í báðar myndirnar.

Orðið *köstur* beygist eins og *köttur*.

Smáverkefni í málfræði

„Höfum vér engar nytjar fjárins“

- Setjið setninguna í eðlilega orðaröð;
- Í hvaða persónu, tölu og tíð er orðið *höfum*?
- Í hvaða falli stendur *fjárins* og hvernig er orðið í nf.et.m.gr.?

4. kafli

Umræða

Gestur virðist vera mannþekkjari og góður uppalandi. Hann vill finna út hvað best gæti hentað Refi og leyfa honum síðan að starfa við það og koma honum þannig til þroska. Hann tekur eftir því að Refur kann að tálga og grunar því að hann geti orðið góður smiður. Þetta mætti tengja við námsráðgjöf (og verkmenntakennslu) í nútímanum.

Þegar Refur talar um að hann vilji ekki kenna ytri aðstæðum, þ.e. efnisskortu, um ef ekki tekst vel til með smíðina, þá minnir það á þekktan málshátt: *Árinni kennir illur ræðari*. Bendum á þann brest í fari manna að reyna að kenna öðrum um ef illa fer. Refur vill aftur á móti að ekki verði hægt að kenna neinu öðru um en honum sjálfum ef verkið mistekst.

Gestur vill að Refur smíði „selabát“. Út frá þessu má draga ályktun um tiltekin hlunnindi sem Gestur nýtur í búskap sínum, þ.e. selveiðar, þó ekkert sé farið nánar út í þau mál. Þannig fást stundum „óvart“ upplýsingar um atvinnuhætti og annað.

Það kemur í ljós í næsta kafla að Refur sagði Gesti ósatt þegar hann sagðist aldrei hafa smíðað. Gestur virðist hafa fundið það á sér, sbr. orð hans „ég vil reyna það“=láta á það reyna, komast að því.

Mál og stíll

Orðið *knörr* (kk) beygist eins og *köstur*, *knöttur* og *köttur*.

„*Smíðartól lét Gestur þangað bera.*“ Setjið í eðlilega orðaröð. Í hvaða falli stendur orðið smíðartól?

Smáverkefni í málfræði

„Þessa alla við þu lætur Gestur færa til hrófs Refs.“

- Hver er uppfléttimynd orðanna *þessa*, *alla* og *viðu*?
- Hvaða orðflokki tilheyrir orðið *til*?
- Hvaða falli stýrir *til*?

5. kafli

Umræða

Hér mætti ræða um tvo ólíka persónuleika. Gellir er hávaðamaður og greinilega mjög félagslyndur en Refur er hið gagnstæða. Refur vill ekki bregða á leik og glíma við Gelli. En hann neyðist að lokum til þess.

Refur er seinþreyttur til vandræða. Hann lætur ögranir og neikvætt umtal ekki hafa áhrif á sig – í bili.

Mál og stíll

Í textanum er bæði talað um *smíði* þetta (hk) og *smíðina* (kvk). Í fyrra tilvikinu er um *smíðisgripinn* (skipið) að ræða (*smíði* til *smíðis*) en í seinna tilvikinu er fremur um að ræða sjálft starfið, vinnuferlið (*smíð* til *smíðar*).

Smáverkefni í málfræði

„Gellir *hleypir* á braut og förunautar hans.“

- Hver er uppfléttimynd skáletraða orðsins?
- Hvort fara Gellir og félagar ríðandi eða gangandi á brott?
- Hvernig er sérnafnið *Gellir* í þolfalli?

6. kafli

Umræða

Gellir gerir þau herfilegu mistök að bera út óhróður um Ref og vega þannig að sóma hans og heiðri. Kaldhæðnisleg eru orð Refs um tvö högg og eitt: Högg Gellis voru gagnslaus en Refur þurfti ekki nema eitt högg til að ganga frá málinu.

Við tökum eftir því að vísa er kveðin eftir að víg hefur verið framið. Þannig er það oft í fornsögunum. Hetjan dregur saman í stuttu máli og greinir frá hetjudáð sinni, oftast nær með mjög almennum athugasemdum en á líkingamáli. Algengt er t.d. að tala um að hrafn (eða örn) hafi fengið blóð að drekka eða aðrar krásir að éta.

Gestur vill að Refur láti skrifa ferðasögu sína. Þetta er fyrirboði þess að saga Refs eigi eftir að verða merkileg. Gestur er forspár, hann finnur þetta á sér. Athuga-semdin um að saga Refs verði skrifuð á að auka á trúverðugleika frásagnarinnar.

Gestur ræðir líka um trúmál. Hafa ber í huga að Gestur er fæddur í heiðnum sið en þegar hér er komið sögu hefur hann haft einhver kynni af kristni. Hann talar ekki um guð kristinna manna en líklegt má telja að hann sé með trú kristinna manna í huga þegar hann vísar til þess guðs sem sólina hefur skapað. Svipuð ummæli og þessi eru í *Vatnsdæla sögu* (Þorsteinn Ingimundarson) og *Landnámu* (Þorkell máni).

Vel má ræða um innri baráttu þeirra sem lifðu á tímum trúarbreytinga. Hvers vegna er ein trú allt í einu orðin merkilegri en sú trú sem maður er alinn upp við?

Lýsingin á landsháttum í Grænlandi er afar jákvæð: þarna er allt til alls: gróður, rekaviður og veiði, bæði á landi og sjó. Þetta minnir á lýsinguna í *Egils sögu* á landinu sem Skalla-Grímur valdi sér á Mýrum og í Borgarfirði. Ætla má að við ferjasmíðina hafi Refur nýtt sér rekaviðinn (grænlenku trén hafa sennilega ekki dugað til skipasmíða).

Í lok kaflans er enn vikið að vinnusemi Refs (eins og í 4. kafla): hann gengur snemma til vinnu sinnar og kemur seint heim. Þetta er í anda Hávamála, v. 58 og 59 (Ár skal rísa...). Refur auðgast skjótt af vinnu sinni. Í Hávamálum segir að hálfur sé auður „und hvötum“, þ.e. að miklu skipti að vera hvatur (röskur). Svipuð hugsun birtist í vísu Skalla-Gríms í *Egils sögu* (Mjög verður ár, sás aura...).

Mál og stíll

Í sambandi við orðið *útkoma* má minna á orð Snorra Sturlusonar þegar hann vildi komast frá Noregi til Íslands: „Út vil eg.“ Nú segjast menn fara „út“ þegar þeir fara frá Íslandi. Þannig breytist málið. Enn tala reyndar margir um að fara „utan“ þegar þeir yfirgefa landið.

Bæði í þessum kafla og þeim fjórða er talað um að Refur fari snemma til vinnu og komi seint heim. Hliðstæður af þessu tagi eru mikilvægar. Þær leggja áherslu á þennan þátt í fari mannsins (þannig kom hann undir sig fótunum) og styrkja auk þess byggingu verksins.

Smáverkefni í málfræði

a) *mælti giftusamlegur ertu nú frændi eða hvað er nú tíðinda.* Skriðu skáletruðu orðarununa upp og setjið í hana greinarmerki. Munið eftir tvípunkti, ávarpi (sem er afmarkað með kómmum), spurningarmerki og gæsalöppum; munið einnig eftir að bæta stórum staf inn í á einum stað af því að um tvær málsgreinar er hér að ræða.

b) Skriðu upp þrjú lýsingarorð sem notuð eru um Þorgils.

7. kafli

Umræða

Bræðurnir tala illa um Ref (Minna má á afbrýðisemi Þengils sem ætlaði sér Helgu, sem Refur fékk) og kalla hann Ref hinn raga (orðið *ragur* getur haft merkinguna samkynhneigður, sbr. það sem kemur fram síðar í kaflanum um að Refur hafi verið kona níundu hverja nótt og þarfnaðist þá karlmanns). Þeir nota líka um hann orðið *drengskapur* og þar er augljóslega um háð að ræða enda lætur Þengill að því liggja að Refur hafi migið á sig af hræðslu.

Hér er rætt um samkynhneigð sem skammarlegan glæp og sagt að slíkt varði brottrekstur úr landi. Mikilvægt er að benda á þetta. Reyndar er hér um lygaáburð að ræða. Ásakanir um *ergi* (eða *regi*) birtast víðar í fornum sögum og fleiri dæmi eru einnig um að karlmenn væru sakaðir um að vera konur níundu hverja nótt. Greinilegt er að samkynhneigð hefur verið fordæmd á Íslandi á fyrri tíð.

Mál og stíll

Mikilvægt atriði sem snertir byggingu sögunnar er endurtekningin, sbr. það sem sagt er um vinnusemi Refs (4. og 7. kafli) og sölu á landi (2. og 7. kafli). Í 5. kafla er talað um að Gellir hafi rægt Ref. Og í 7. kafla er enn rætt um rógburð og engar smáræðis ásakanir bornar á Ref í það sinn. Endurtekning (og stígandi) af þessu tagi styrkir verkið sem bókmenntaverk. Í köflunum hér á eftir má sjá fleiri dæmi um þetta, t.d. þar sem Refur villir tvívegis á sér heimildir, dulbýr sig og breytir nafni sínu.

Smáverkefni í málfræði

- Skrifið upp kenniföll orðanna *faðir*, *bróðir*, *móðir* og *systir*;
- hvaða orð eru notuð um föður og son? En móður og son? Föður og dóttur? Móður og dóttur?

8. kafli

Umræða

Þormóður, fóstri Helgu, eggjar Ref til hefnda á nokkuð hranalegan hátt. Hann lætur að því liggja að úr því að Refur sé ekki búinn að hefna fyrir illmælið megi líta svo á að það (illmælið) eigi við rök að styðjast. Refur bregst fremur fálega við en segir að menn eigi ekki að fara út í stórræði nema undirbúa sig vel.

Refur gefur sér góðan tíma. Hann vill ekki vekja grun. Það tekst, hann selur jörðina á laun; og feðgarnir í Vík eru greinilega ekki varir um sig.

Refur fer ekki með neinum ofsa að Þorgils. Hann gefur honum kost á að borga sér bætur fyrir illmælið. En Þorgils lætur sér ekki segjast og þá er ekki að sökum að spyrja.

Þegar Refur kemur til Þorgils að biðja um bætur fyrir illmælið eru aðstæður mjög líkar því sem var í 3. kafla þegar Refur bað um bætur fyrir Barða. Orðalagið er það sama

(„Þorbjörn spurði ... hver þar færi“/ „Þorgils spurði hver þar færi“; „Eg er kominn til þess að beiða bóta fyrir víg Barða“/ „Eg er kominn að beiða bóta fyrir illmæi það...“ Þetta er eitt af mörgum dæmum um hliðstæður sem styrkja byggingu sögunnar, gera hana að heilsteyptu og vel hugsuðu verki.

Mál og stíll

„Það var einn dag.“ Gaman er að velta fyrir sér orðflokki. Hér er orðið *einn* óákveðið fornafn. Við gætum eins sagt: dag *nokkurn*, án þess að merking breyttist. Það er ekki verið að telja daga hér.

„Eitt fádæma mikið spjót.“ Fyrsta orðið gæti virst vera töluorð. En ef betur er að gáð kemur óákveðið fornafn enn upp í hugann. Það er ekki verið að telja. Þetta er meira eins og þegar sagt er: dag einn (dag nokkurn), þ.e. einhvern tiltekinn dag.

Orðið *fádæma* er hér atviksorð (við getum t.d. sett atvikorðið *mjög* í staðinn). Orðið er að vísu myndað úr orðunum *fár* (fáir) og *dæmi*: það eru fá dæmi um slíkt. Atviksorð lýsa gjarnan nánar því sem um er rætt; hér lýsir það nánar lýsingarorðinu *mikið*. Það orð er augljóslega lýsingarorð: það breytist eftir kynjum og stigbreyttist að auki. Sigbreytingin er óregluleg: *mikið – meira – mest*.

Smáverkefni í málfræði

Greinið í orðflokka: *Illan orðróm hefir nær alþýða manns um þig*.

9. kafli

Mál og stíll

„...og harma fáir Þorgils né sonu hans.“ Þegar sagt er að fáir harmi feðgana er raunverulega átt við að margir gleðjist yfir falli þeirra. Þetta stílbragð kallast *úrdráttur*: dregið er úr því sem ætlunin er að komi þó skýrt fram. Þannig verður áherslan á viðkomandi atriði áhrifameiri. Þetta nálgast stundum að vera kaldhæðni – og þannig er það hér.

Hér birtist forn beyging á orðinu *sonur*: synir um *sonu* (sbr. *verðir* um *vörðu*; *firðir* um *fjörðu*)

Smáverkefni í málfræði

„Þessi tíðindi *spyrjast*“/ „Gunnar *spyr* þessi tíðindi“.

- Hver er hér merking hvorrar sagnar um sig?
- Í hvaða persónu og tölu stendur fyrri sögnin?
- Hvernig eru þessar sagnir í nafnhætti? (Munið að miðmynd sagnar endar á *-st* í nafnhætti).

10. kafli

Umræða

Haraldur Sigurðsson harðráði varð konungur í Noregi árið 1046. Þá eru liðin um 85 ár frá dauða Hákonar Aðalsteinsfóstra sem sagður var við völd þegar sagan hefst. Þetta stemmir hálfilla.

Í annað sinn í sögunni er nú rætt um hvert halda skuli og enn er Grænland nefnt í því sambandi. Einnig er hér í annað sinn rætt um mann sem er „skyggn“. Bárður er glöggur: hann áttar sig á að fjörðurinn er lengri en hann virtist vera.

Gunnar er líkur frænda sínum Þorgílsi og segir ósannindi um Ref (að hann hafi verið hræddur). Nær væri að segja að Refur hafi verið skynsamur; hann hafi ekki viljað eiga hlut að meiri vígaferlum í byggðum Grænlands.

Bárður talar um gæfu Refs og finnst greinilega að mikil hamingja hafi verið yfir honum. Oft er talað um að gæfa (gifta) eða hamingja hafi fylgt tilteknum mönnum. Bárður bendir á að gæfan yfirgefi gæfumenn varla mjög snögglega og lætur þar með í ljós þá skoðun að Refur sé enn á lífi. Bárður þínir Gunnar með því að segja að varla hafi Refur komist yfir hafið til annarra landa (t.d. Íslands) á litlu skipi um haust þegar allra veðra var von; en það sé þægilegt fyrir Gunnar að ímynda sér að svo hafi verið (og Refur þá drukknað í hafi) svo að hann (þ.e. Gunnar) þurfi ekki að hugsa um að finna hann í óbyggðum Grænlands og hefna frænda sinna (og taka þannig mikla áhættu).

Þegar Bárður kemur til Grænlands virðast vera liðnir fjórir vetur frá hvarfi Refs.

Mál og stíll

Orðið *fjölkyngi* er skrifað með tveimur n-um af því að það tengist sögninni að *kunna*, sbr. fjölkunnugur (sama er að segja um orðið kyngimagnaður).

Smáverkefni í málfræði

Búið til málsgrein (málsgrein er sá texti sem er milli punkta!) þar sem orðið *við* kemur fyrir í fjórum mismunandi orðflokkum.

11. kafli

Umræða

Þessi stutti kafli gefur innsýn í þau miklu verðmæti sem leyndust á Grænlandi. Hér er um að ræða sannkallaðar konungsersemar.

Smáverkefni í málfræði

Sögnin *renna* kemur fyrir í textanum í lh.þt.: *rennt*.

- a) Hvort er þá sögnin veik eða sterk?
- b) Beygið sögnina í kennimyndum. – Hann hefur *runnið* á svellinu.
- c) Hvort er sögnin *renna* hér veik eða sterk?
- d) Beygið hana í kennimyndum.

12. kafli

Umræða

Þrítækingin er sterkt stílbragð. Hér er hún notuð til að skapa stígandi í frásögninni. Bárður notar veturinn til að undirbúa erindi sitt og ber fram hverja gjöfina annarri stórkostlegri uns konungur er orðinn viss um að eitthvað búi undir, og hann biður um skýringu.

Greinilegt er að Haraldur konungur hefur heyrt sögu Refs og ekki er laust við aðdáun í máli hans. En hann hefur þegið gjafir af Gunnari og það kemur að því að hann þarf að launa þær (með viturlegum ráðum).

Bárður er í klemmu. Konungurinn ráðleggur honum að fara ekki aftur til Grænlands en Bárður er bundinn af loforði við Gunnar (um að fara til hans aftur).

Mál og stíll

Bárður talar um *ref* (hér skrifað með litlum staf) og leikur sér að nafni andstæðingsins. Refur getur merkt slóttugur maður, skaðvaldur í umhverfi (líkt og rándýrið).

„Hér er eitt tafl, herra, er yður sendi hinn göfgasti maður af Grænlandi er Gunnar heitir.“ Við tókum eftir því að orðið herra er afmarkað með kómmum. Þetta er reglan um að ávarp sé afmarkað með kómmu. Þetta þurfum við m.a. að hafa í huga þegar við ávörpum fólk í bréfum: Sæll og blessaður, gamli vinur/ blessaður og sæll, pabbi minn.

Það eru þrjú *g* í áhersluatkvæði í málsgreininni hér að ofan. Stuðlunin gefur textanum aukinn hljóð.

Smáverkefni í málfræði

Búið til nafnorð og sagnorð úr lýsingarorðinu *göfugur*.

13. kafli

Umræða

Nauðsynlegt er að ræða hvernig vatnið streymir um virksiveggina. Greinilegt er að það fer neðan frá og upp úr, eftir stokkum eða rörum (fallþrýstingurinn ýtir því upp). Þeir sem eru í virkinu geta svo látið vatnið streyma fram á hættustundum með því að opna fyrir örliðlar raufar eða göt á virkisveggnum. En rennslið stöðvast ef stokkarnir sem bera vatnið að virkinu (neðanjarðar) eru rofnir við virkisvegginn.

Konungur talar um viturleik Refs, alveg eins og Refur hafði gert um þann sem veita mundi Bárði ráð. Í þessu felst vísbending um að báðir þessi menn séu manna vitrastir. Í rauninni takast hér á tveir snjallir menn, konungur og Refur.

Allt timbrið sem þurft hefur til að reisa virkið hlýtur að vera fengið út rekaviði. Spónahrúgan sem Bárður fann er þá merki um stað þar sem Refur hefur holað trjábolina að innan.

Smáverkefni í málfræði

Bárður mælti herra sagði hann hafið þér nokkuð hugsað nauðsyn Gunnars

Skrifið skáletruðu orðarununa upp og setjið greinarmerki og stóran staf þar sem við á. Hér er margs að gæta. Munið t.d. eftir tvípunkti á undan beinni ræðu; munið einnig eftir gæsalöppum um beina ræðu. Þá þarf að huga að spurningarmerki á eftir beinni ræðu, komnum þar sem ávarpað er o.s.frv.

14. kafli

Umræða

Rifjum upp viðvaranir Haralds konungs Sigurðssonar (harðráða). Bárður fór ekki að ráðum hans (um að fara ekki sjálfur að Refi). Fyrr í sögunni var ekki farið að ráðum viturs manns, þ.e. þegar Þorgerður ákvað að selja ekki jörðina eftir dauða Steins, föður Refs.

Höfum í huga orð Refs. Hann skynjar að Bárður hafi notið ráða sér vitrari manns. En Bárður segir honum ekki hver ráðgjafinn var. Hann sagði konungi ekki heldur allan sannleikann um orð Refs (um ráð vitrari manna – og konungur skynjaði að eitthvað vantaði í frásögn hans). Þannig eru dregnar upp hliðstæður milli Refs og Haralds, vitru mannanna í frásögninni. Bárði hefnist fyrir að fara ekki að ráðum konungsins (hann missir fjóra menn – í þetta sinn).

Mál og stíll

Hér er lýsingarorðið *djúpur* stigbreytt: *djúpari* – *djúpastur*. Þetta sýnir okkur að oft kemur tvennt til þegar orð er beygt þó að eitt sé algengara en annað (við segjum nú yfirleitt: *dýpri* – *dýpstur*).

Smáverkefni í málfræði

Búið til málsgrein þar sem orðið *á* kemur fyrir í fjórum mismunandi merkingum (orðflokkarnir mega vera þrír en geta verið fjórir).

15. kafli

Umræða

Bárður missir ekki aðeins fjóra menn. Hann týnir sjálfur lífinu. Þannig fór af því að hann fór ekki að ráðum konungs.

Gunnar ávítar menn sína fyrir að róa ekki nógu rösklega. En hann áttaði sig ekki á að það var ekki ástæðan fyrir því að þeir náðu ekki til Refs og manna hans. Ástæðan er sú að Refur lætur lækka seglin smátt og smátt þannig að svo virðist sem hann fjarlægist meir og meir. Þannig er það heimska Gunnars (og snilli Refs) sem veldur því að Refur sleppur. Þessum mönum er stillt saman sem andstæðum: sá heimski og sá snjalli.

Augljóst er að risið hefur lækkað á „Gunnari af Grænlandi“ (eins og Bárður kallaði hann við hirð Haralds konungs). Nú sendir Gunnar konungi engar gjafir. Mikið háð (eða kaldhæðni) er fólgið í þessum orðum sögumanns.

Mál og stíll

Í því skýtur Refur spjótinu til Bárðar. Gott er að nota svona texta til að skýra eðli forsetninga. Forsetningar stýra alltaf falli. Þær eru fallvaldar (áhrifssagnir geta líka stýrt falli, verið fallvaldar: Hann hjálpar mér). Forsetningin *í* stýrir hér þágufalli (hún getur líka stýrt þolfalli: ég fer í skólann). Forsetningin *til* stýrir alltaf eignarfalli.

Smáverkefni í málfræði

Bárður heitir nú á sína menn. Hlaupa þeir til skips átta. Gunnar af Grænlandi.

- Bendið á eina forsetningu í hverri málsgrein.
- Hvaða falli stýrir hver þeirra?

16. kafli

Umræða

Refur villir á sér heimildir þegar hann kemur fyrst til Noregs. Hann gerir það af varúðarástæðum (hann veit ekki hvort menn Bárðar eru komnir frá Grænlandi og auk þess gætu vinir Gellis enn leynst í Noregi). Þetta er algengt bragð í fornsögum. Meira að segja sjálfur Óðinn beitir þessu bragði. Þannig er Refi á vissan hátt líkt við Óðin, en Óðinn var einmitt klókur og útsjónarsamur og lék marga grátt með snilld sinni.

Vel má taka upp þá umræðu að nauðgarar hafa greinilega verið til á fyrri tíð ekki síður en nú. Í þetta skipti tókst Grana að vísu ekki ætlunarverk sitt.

Grani er glöggskyggn kvennabósi. Hann hafði greinilega tekið eftir því að „gamli maðurinn“ átti unga konu og ætlar nú að reyna að lokka hana til sín með sjarma sínum.

Grani er í bláum klæðum þennan umrædda dag. Og Narfi (Refur) er í bláum kufli. Hafa má í huga að mjög oft boðar það dauða einhvers þegar talað er um að menn séu í bláum klæðum.

Refur lýsir vígi á hendur sér. Til samanburðar má geta þess að Þorbjörn lýsir ekki vígi á hendur sér þegar hann hefur fellt Barða smalamann. Þetta sýnir mannamuninn (andstæður).

Mál og stíll

„Skegg hafði hann og látið binda sér hvítt“/ „Spjót hafði hann í hendi“. Setjið þessar tvær setningar í eðlilega orðaröð. Í hvaða falli standa orðin *skegg* og *spjót*? (Svar: þolfalli.)

„Við Sverðhúss-Grani“/ „Vér vorum áðan svo nærri þeim“. Glöggir nemendur munu taka eftir að stundum er sagt *við* en stundum *vér*. *Við* er í fornu máli er *tvítala* og notað þegar aðeins er átt við tvo. *Vér* var aftur á móti notað um fleiri en tvo. Sjálfsgagt er að láta nemendur finna dæmi úr sögunni þessu til staðfestingar.

Smáverkefni í málfræði

Búið til málsgrein þar sem eftirfarandi atriði þurfa að vera fyrir hendi í þessari röð: lýsingarorð og nafnorð í nf.et.; sagnorð í 3.p.et.nt.; forsetning; lýsingaroð (í veikri beygingu) og nafnorð með greini í þágufalli fleirtölu.

17. kafli

Umræða

Haraldur konungur sýnir enn snilld sína. Minni hans er slíkt að hann man ræðu Narfa (Refs) orðrétt (þótt hann hafi sjálfur verið í miðri ræðu sinni). Hann leysir síðan gátuna sem Narfi (Refur) lagði fyrir hann. Einnig reynist ályktun hans rétt um vegandann. Við sjáum æ betur að þessi saga lýsir andlegum átökum tveggja snillinga. Það að Refur skuli takast á við sjálfan kónginn lyftir honum í hæðir.

Mál og stíll

Nemendur virðast eiga erfitt með að fara eftir reglum um greinarmerki. Til að þjálfra nemendur í greinarmerkjasetningu er tilvalið að nota bókmenntatexta þar sem mikið er um samtöl, ávörp, upptalningu og þess háttar. Það má taka málsgreinar úr slíkum textum en fjarlægja greinarmeki. Síðar geta nemedur borið saman við bókina. Þá þarf kennarinn ekki að fara yfir hjá neinum. Það sem helst ber að hafa í huga er staða gæsalappa (þær koma t.d. á eftir spurningarmerkinu ef um slíkt er að ræða); kommur sem afmarka ávörp (í tölvupósti á t.d. að setja kommu í ávarpi: Sæll, Baldur), kommur í upptalningu nema á undan *og*; tvípunkt þegar bein ræða er innleidd; spurningarmerki á eftir beinni spurningu (ekki óbeinni!); kommur til að afmarka innskotssetningu.

Smáverkefni í málfræði

Skrifið orðarununa upp og setjið greinarmerki og stóran saf þar sem við á:
Konungur mælti hvað þótti yður hann segja

18. kafli

Umræða

Það eru engar smáræðis gersemar sem Refur hefur flutt frá Grænlandi. Gunnar hafði sent Haraldi Noregskonungi einn hvítaljör, en hér kemur í ljós að Refur er með fimm slíka. Þetta sýnir mannmuninn. Hvítir fálkar þóttu allra fálka mestar gersemar. Og tannvörunni mætti líkja við fílabein. Nú sjáum við að Refur og hans fólk hefur ekki setið auðum höndum í Grænlandi þau ár sem þau voru þar. Þau hafa safnað þar gríðarlegum auði; við minnumst þess líka sem sagt er í sögunni (6. kafla) að Refur „smíðaði til stórfjár“. En auðvitað hefur tekið mikinn tíma að smíða virkið.

Mál og stíll

Sakir (=vegna) vorra fjandmanna/ *vegna* kosninganna/ *til* drottningarinnar/ *milli* Jóns og Gunnu. Spyrja mætti nemendur hvað skáletruðu orðin eigi sameiginlegt.

Svar: Þetta eru forsetningar sem stýra eignarfalli.

Smáverkefni í málfræði

Hvernig eru orðin *sonur* og *hvítaljör* í þf.ft. í þessum texta? Hvernig hefur *þú* þessi orð í sama falli og tölu, þ.e. þf.ft.?

19. kafli

Umræða

Króka-Refur: Það er sjálfur konungur Noregs sem lengir nafn Refs. Líta má á það sem mikinn heiður. Í nafninu felst að Refur sé klækjóttur, ráðsnjall (sbr. orðasambandið *láta koma krók á móti bragði*: svara einhverju bragði með öðru snjallara).

Mál og stíll

Við höfum talað um forsetningar sem stýra falli. Sagnir geta líka verið fallvaldar. Í þessum kafla stýrir sögnin *geyma* eingarfalli: *geyma* tignar vorrar. Benda má á fleiri sagnir (áhrifssagnir) sem stýra eingarfalli: *gæta*, *minnast*, *sakna*, *krefjast* o.s.frv.

Smáverkefni í málfræði

„...og sagði mönnum söguna...“ Sögnin *segja* er áhrifssögn. Hvaða föllum stýrir hún hér?

20. kafli

Umræða

Enn villir Refur á sér heimildir – og minnir á bragðarefinn og æðsta guðinn, Óðin.

Þeir nemendur sem hafa lesið Auðunar þátt vestfirska kannast við nokkur sameiginleg atriði með sögunum tveimur, hvítabjörninn, ferð söguhetju til Grænlands og þaðan til Noregs og Danmerkur, spennuna milli konunganna tveggja, pílgrímsferð til Rómar o.s.frv.

Vekja má athygli á að Sveinn konungur gefur Króka-Refi Sigtryggsnafnið sem Refur hafði leynst undir. Honum finnst Króka-Refs nafnið ekki eiga nógu vel við um Ref (nokkuð neikvætt). Nafnið Sigtryggur hefur merkinguna *trúfastur í sigri*.

Það er ekki óalgengt í Íslendingasögum að hetjan haldi til Rómar til að fá fyrirgefningu syndanna. Sá sem byrjaði sem vígamaður endar líf sitt í friði.

Til að leggja áherslu á hve göfugt fólk það er sem tengist Refi og fjölskyldu hans er það látið koma fram að einn merkasti maður Danmerkur, Absalon erkibiskup, „faðir Kaupmannahafnar“, er sagður vera afkomandi hans.

Það má segja að hringnum sé lokað í síðasta kafla þar sem frá því er greint að Þormóður Refsson hafi sest að í Kvennabrekku. Þannig byrjar sagan og endar á fæðingarstað aðalsöguhetju.

Við minnumst þess að Gestur Oddleifsson talaði um að sögu Refs ætti að rita. Við getum velt því fyrir okkur hvort Þormóður hefur stuðlað að því að saga föður hans yrði rituð – með því að segja hana afkomendum sínum. Höfum jafnframt í huga að sennilegra er að hér sé um skáldsögu að ræða sem rituð er (augljóslega á Íslandi) nokkrum öldum eftir að atburðir eiga að hafa átt sér stað.

Mál og stíll

Sögnin *sverja* kemur fyrir í textanum, bæði í nafnhætti og í þátíð. Látum nemendur beygja þessa sögn í kennimyndum: *sverja – sór – sórum – svarið* (reyndar er líka til þátíðarmyndin *svarði*).

Smáverkefni í málfræði

Hvers vegna eru ekki gæsalappir utan um orðin *sagði karl*?

„Nú mun eg ganga upp,“ sagði karl, „og tveir yðrir menn með mér og vita hvers vér verðum vísir.“